



Framkvæmdaferli mannvirkjagerðar

september 2018 – apríl 2019

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Inngangur og hagnýt atriði	3
Framkvæmdaferli mannvirkjagerðar.....	3
Markmið	3
Fyrir hverja	3
Fagráð.....	4
Kennarar	4
Kennslustaður	4
Kennslutilhögun	4
Námsráðgjöf.....	4
Verð og greiðslufyrirkomulag	5
Fyrsta misseri	6
Ákvörðunarferli í framkvæmdum	6
Hönnunarferli framkvæmda.....	7
Annað misseri.....	Error! Bookmark not defined.
Ráðning verktaka og framkvæmd verks.....	8
Réttarstaða verktaka og verkkaupa við framkvæmd og uppgjör verksamninga	9

Inngangur og hagnýt atriði

Framkvæmdaferli mannvirkjagerðar

Námið er metnaðarfullt og hagnýtt fyrir þá sem vilja öðlast hagnýta þekkingu og færni á sviði framkvæmdaferla mannvirkjagerðar. Nemendur öðlast víðtæka þekkingu á öllum helstu sviðum fjármála, ráðgjafasamninga, verksamninga, útboðum, opinberum innkaupum, uppgjörum og bótaskyldu.

Markmið

Þátttakendur öðlast almennan skilning á undirbúnings-, hönnunar- og framkvæmdaferli mannvirkjagerðar. Lögð verður áhersla á að auka skilning, þekkingu og færni í að semja og túlka hönnunar- og verksamninga og hæfni í að fást við ágreiningsmál þeim tengdum. Þátttakendur fá þekkingu á stöðlum og reglum er varða útboð og önnur opinber innkaup ásamt því að beita áhættugreiningu við þessa þætti.

Að námi loknu geta þátttakendur veitt faglega ráðgjöf við val á ráðningu ráðgjafa, útboðs- og framkvæmdaleið.

Fyrir hverja

Námið er ætlað öllum þeim sem starfa við ráðgjöf og bera ábyrgð á undirbúningi framkvæmda, ráðgjafasamningum, ráðningu hönnuða, útboðum, gerð útboðsgagna, samningum við verktaka, fjármögnum verkefna og áhættugreiningu innan fyrirtækja og stofnana. Námið hentar vel arkitektum, landslagsarkitektum, tæknifræðingum, verkfræðingum og öðrum ráðgjöfum í skyldum fögum sem og fjárfestum, fjármögnunaraðilum, verktökum, verkkaupum og lögfræðingum sem hyggjast tileinka sér þetta sérsvið.

Helstu efnisþættir námsins

- Kostnaðaráætlanir og gæði þeirra
- Arðsemismat
- Áhættugreining
- Ráðgjafasamningar
- Bótaskylda
- Verksamningar
- Fidic-samningar
- Lög og reglugerðir
- Staðlar - ÍST30 og ÍST35
- Útboð /útboðsreglur
- Opinber innkaup
- Rekstur verkefna

- Virðismat
- Gæðastjórnun
- Ábyrgð

Fagráð

Sigríður Sigurðardóttir, arkitekt hjá Háskóla Íslands, Jóhannes Karl Sveinsson, hrl. Landslög lögfræðistofa, Ríkharður Kristjánsson, verkfræðingur EFLA verkfræðistofa, Hulda Mjöll Hauksdóttir, verkefnastjóri EHÍ, Erna G. Agnarsdóttir, námstjóri EHÍ.

Kennarar

Allir kennarar hafa víðtæka sérþekkingu og reynslu á þeim sviðum sem kennd eru hverju sinni.

Kennslustaður

Kennsla fer fram í húsi Endurmenntunar að Dunhaga 7.

Kennslutilhögun

Námið spannar tvö misseri.

Kennd er ein námsgrein í senn og unnin eru hagnýt verkefni á námstímanum.

Miklu skiptir að nemendur taki virkan þátt í þeim umræðum sem eiga sér stað í tímum. Með því að skiptast á skoðunum og deila reynslu fá nemendur mest út úr kennslunni og læra ekki aðeins af fyrirlesturum og námsefni heldur einnig hver af öðrum. Námskeiðin eru kennd í lotum. Nánari tilhögun verður tilkynnt síðar.

Námsráðgjöf

Hjá námsráðgjafa er hægt að fá endurgjöf á vangaveltur sínar og frekari upplýsingar um námsmöguleika, forkröfur, uppbyggingu náms, væntanlegan afrakstur þess o.fl. Vel ígrundað námsval sem byggir á áhuga, réttum upplýsingum og skilningi getur margfaldað ávinning námsmannsins af námi sínu.

Þjónusta náms- og starfsráðgjafa:

- Námstækninámskeið
- Fyrirlestur um próftækni, prófundirbúning og stjórnun prófkvíða
- Aðstoð við nemendur með sértæka námserfiðleika
- Ráðgjöf um tímastjórnun og skipulagningu
- Áhugasviðsgreining

Verð og greiðslufyrirkomulag

Heildarverð námsbrautarinnar er 520.000 kr.

Við upphaf náms er gefinn út reikningur fyrir heildarverði námsins.

Þeir sem ekki staðgreiða námið þurfa að semja um greiðslumáta áður en nám hefst.

Vinsamlega athugið að ekki er hægt að fá námsgjald fellt niður þótt nemandi hætti námi áður en námstíma lýkur.

Nánari upplýsingar um greiðslufyrirkomulag veitir Helga S. Ormsdóttir, gjaldkeri í síma 525-5295. Einnig er hægt að senda fyrirspurn á netfangið: helgaso@hi.is

Vakin er athygli á að ýmis stéttarfélög veita styrki til náms.

Haustmisseri

Ákvörðunarferli í framkvæmdum

Markmið

Þátttakendur öðlast almennan skilning á mikilvægi góðs undirbúnings framkvæmda og mikilvægi þess í gegnum framkvæmdaferli. Farið er í gegnum ferlið frá því að hugmynd að verkefni fæðist og þar til hönnunarferlið hefst.

Námskeiðslýsing

Minnst verður á þróun hugmynda og sköpunar og hvernig má sía úr álitlegar hugmyndir. Farið verður í hugmynda- og aðferðafræði undirbúnings framkvæmda. Einkum verður fjallað um mikilvægi og gæði þarfagreiningar, frumhönnunar, markaðskönnunar, frumkostnaðaráætlunar, stofn- og rekstrarkostnaðar lausna og fjármögnun verkefna. Fjallað verður um arðsemismat verkefna og kynnt aðferðafræði áhættugreiningar. Fjallað verður um lagalega ábyrgð við undirbúning verkefna auk þess sem farið verður í siðfræði í verkefnum.

Námsmat

Hagnýt verkefni. Nánari tilhögun tilkynnt síðar.

Kennsluaðferð

Fyrirlestrar, umræður og verkefni

Kennarar

Nafn umsjónarmanns verður tilkynnt síðar. Fleiri sérfræðingar koma að kennslu sem hafa víðtæka sérþekkingu og reynslu á þeim sviðum sem kennd eru hverju sinni.

Hönnunarferli framkvæmda

Markmið

Þátttakendur öðlast skilning á hönnunarferli framkvæmda, útboðs- og innkaupaleiðum og formi samninga sem henta hverju verkefni fyrir sig. Markmiðið er að nemendur öðlist færni í ráðgjöf til verkkaupa um val á hönnunar-, útboðs- og samningaleiðum.

Námskeiðslýsing

Gefin er innsýn í hugmynda- og aðferðafræði hönnunarferla þ.e. frá forhönnun til verkhönnunar. Fjallað verður um útboðsleiðir, framkvæmd útboða og samningsform verktaka sem og reglur og staðla sem gilda um hönnun og framkvæmdir. Sérstök áhersla verður lögð á mikilvægi vandaðs undirbúnings hönnunar- og útboðsgagna. Mögulegar leiðir á ráðningu og samningum ráðgjafa og hönnuða verða kynntar frá sjónarhóli ráðgjafa, verkkaupa og verktaka.

Námsmat

Hagnýt verkefni. Nánari tilhögun tilkynnt síðar.

Kennsluaðferð

Fyrirlestrar, umræður og verkefni.

Kennarar

Umsjón hefur Sigríður Sigurðardóttir, arkitekt hjá Háskóla Íslands.

Fleiri sérfræðingar koma að kennslu sem hafa víðtæka sérþekkingu og reynslu á þeim sviðum sem kennd eru hverju sinni.

Vormisseri

Ráðning verktaka og framkvæmd verks

Markmið

Þátttakendur kynnst ferli framkvæmda út frá sjónarhorni verkkaupa, verktaka og eftirlitsaðila. Að námskeiðinu loknu munu nemendur þekkja reglur sem gilda um útboð og opinber innkaup auk þess að hafa innsýn í réttarstöðu verkkaupa og bjóðenda.

Námskeiðslýsing

Þátttakendur kynnst ferli framkvæmda frá upphafi til enda. Gefin er innsýn í útboðsreglur og reglur sem gilda um opinber innkaup. Tæknilegar aðferðir framkvæmda verða kynntar s.s. verkefna-, gæða- og öryggisstjórnun. Fjallað verður um ábyrgð aðila og vátryggingalausnir verða kynntar.

Farið er í samningsform framkvæmda s.s. verktaka- og undirverktakasamninga og réttarstöðu aðila. Áhersla verður lögð á rekstur verkefna og virðismat á framkvæmdatíma.

Námsmat

Hagnýt verkefni. Nánari tilhögun tilkynnt síðar.

Kennsluaðferð

Fyrirlestrar, umræður og verkefni

Kennarar

Umsjón með námskeiðinu hefur Sigurður Ragnarsson, framkvæmdastjóri framkvæmda hjá ÍAV. Fleiri sérfræðingar koma að kennslu sem hafa víðtæka sérþekkingu og reynslu á þeim sviðum sem kennd eru hverju sinni.

Réttarstaða verktaka og verkkaupa við framkvæmd og uppgjör verksamninga

Markmið

Þátttakendur öðlast almennan skilning á helstu tegundum verksamninga og útboðsforma, helstu skyldum verkkaupa og verktaka og áhættuskipta milli samningsaðila. Markmiðið er að nemendur öðlist færni í úrlausn deilumála í verksamningum.

Námskeiðslýsing

Fjallað verður um verksamninga út frá meginreglum íslensks verktakaréttar. Fjallað verður um uppgjör verksamninga m.t.t. viðbótarkrafna og tafabóta sem og úrræði gagnvart göllum í verki út frá sjónarhóli ráðgjafa, verktaka og verkkaupa. Fjallað verður um vanefndir verksamninga og réttaráhrif þeirra, ábyrgð tæknilegra ráðgjafa (einkum verkfræðinga og arkitekta) og lausn ágreiningsmála, en á þessu sviði reynir m.a. allmikið á gerðardóma. Þá verður fjallað um eftirlit með verkum, verkfundi, framvinduskýrslur og úttektir á verkum.

Námsmat

Hagnýt verkefni. Nánari tilhögun tilkynnt síðar.

Kennsluaðferð

Fyrirlestrar, umræður og verkefni

Kennarar

Umsjón hefur Jóhannes Karl Sveinsson, hæstaréttarlögmaður.

Fleiri sérfræðingar koma að kennslu sem hafa víðtæka sérþekkingu og reynslu á þeim sviðum sem kennd eru hverju sinni.